Það verður sumar allt árið í nýja Kringlubænum

„Þróunarstofnun Reykjavíkur hefur í mörg ár unnið að endurskoðun aðalskipulagsins frá 1965 undir yfirstjórn skipulagsnefndar Reykjavíkur, sem hefur rætt allar tillögur og hugmyndir jafnóðum og þær hafa komið fram....

Skipulagsnefnd borgarinnar hefur afgreitt hið nýja aðalskipulag að sínu leyti og nú er það borgarráðs og borgarstjórnar að samþykkja það endanlega."

Þetta sagði Birgir Ísleifur Gunnarsson m.a. við opnun á Skipulagssýningu Reykjavíkur að Kjarvalsstöðum í gær. Þar gefst borgarbúum kostur á að kynna sér framtíðaráætlanir um skipulag borgarinnar, eins og það er sett fram á þessari sýningu, fram til ársins 1995.


Áður en borgarráð og borgarstjórn fjalla um hið nýja skipulag geta borgarbúar komið á framfæri hugmyndum sínum um breytingar.

Það er mjög margt að sjá á sýningunni og meðal þess sem vakti forvitni okkar var nýi miðbærinn við Kringlumýrarbraut. Hann afmarkast af Miklubraut að norðan, Hvassaleiti og Háaleitisbraut að austan, Bústaðavegi að sunnan og Kringlumýrarbraut að vestan. Um 30 þúsund manna íbúðasvæði umlykur þetta svæði.

Þar eru settar fram hugmyndir um göngugötur, sem verða alveg aðskildar vélknúinni umferð og verða þær yfirbyggðar með glerþaki. Það rignir hvorki né snjóar á fólk sem mun eiga leið um þennan nýja miðbæ. Hitinn verður um 18 gráður og alls konar skrautjurtir suðlægra landa verða vegfarendum til augnayndis. Meðfram götunum verða svo verzlanir af ýmsu tagi og alls konar þjónustufyrirtæki. Í nýja miðbænum verða svo alls konar menningarstofnanir, t.d. borgarleikhús, borgarbókasafn, útvarp og sjónvarp.

Gert er ráð fyrir heilmiklu gróðurtorgi sem er ætlað til alls konar útivistar og þar ætti að vera hægt að efna til hljómleika og jafnvel leiksýninga. Blikkbeljurnar koma þarna hvergi nærri, þær verða geymdar neðanjarðar.

-KP.



I nýja Kringlubænum verður Ríkisútvarpið meðal annarra stofnana. Kári Jónasson fréttamaður hjá útvarpinu virðir fyrir sér teikninguna af nýja húsinu.

Á Eskifirði eru menn bólusettir heima

Það er ekki annað hægt en að hrósa læknaþjónustunni hér á Eskifirði. Fyrir nú utan hvað læknirinn er góður þá gengur, já gengur á tveimur jafnfljótum, hún Sigurborg héraðshjúkrunarkona í hús á kvöldin og er búin að bólusetja við svínainflúensu flest fólk sem komið er yfir sextugt og einnig öryrkja.

Þetta er til þess að vinnutap verður ekki hjá mönnum, en hér eru allir á kafi í vinnu. Það er eitthvað annað en hjá ykkur höfuðborgarbúum þetta með bólusetninguna. Hér þarf ekki einu sinni að fara neitt. Það er bara komið heim að dyrum með bóluefnið. Til fróðleiks skal þess getið að á Eskifirði búa um 1 þús. manns.

Regína.

Runtal-ofnamálið:

„Runtal-Ofnar HF. á réttinn samkvæmt samningi"

— segir lögmaður Guðrúnar

Vegna frétta Dagblaðsins varðandi fyrirtækið Runtal-Ofna hf. í Reykjavík, þar sem þau Birgir Þorvaldsson og Guðrún Einarsdóttir eru hluthafar að jöfnum hlutum, svo sem staðfest hefur verið á grundvelli Hæstaréttardóms í sambandi við búskipti á milli þeirra, hefur lögmaður Guðrúnar Einarsdóttur komið að máli við blaðið.

Eftir atvikum telur hann rétt, að það komi fram, að Guðrún líti svo á, að leyfissamningur við Runtal Holding Company S.A. í Sviss, sé gerður við Runtal-Ofna hf., en ekki Birgi Þorvaldsson persónulega.

Í frétt í DB í gær heldur Birgir því hins vegar fram, og til stuðnings þeirri staðhæfingu vitnar hann, einnig í DB í gær, í bréf dags. 26.4.1976 frá Runtal Holding Co. A.S.

Leyfissamningur sá, sem hér um ræðir, var, að sögn lögmanns Guðrúnar, upphaflega gerður á miðju ári 1965, tæplega hálfu ári áður en Runtal-Ofnar hf. var stofnað. Átti samningurinn þá að vera við Vélsmiðjuna Járn hf., þar sem Birgir Þorvaldsson var aðalhluthafi. Hins vegar var hann þá að gera ráðstafanir til að selja það fyrirtæki, og bar því fram þá ósk, að samningurinn yrði við sig persónulega. Var það staðfest með bréfi frá Runtal Holding 22. júlí 1965, að svo skyldi vera.

Þegar Runtal-Ofnar hf. var svo stofnað í árslok 1965, gerðist það aðili að samningnum. Hefur það fyrirtæki meðal annars greitt öll leyfisgjöld, sem greidd hafa verið samkvæmt honum til þessa dags, að sögn lögmannsins.

Við breytingar, sem gerðar voru á þeim samningi 1968 og 1971, var sérstaklega staðfest, að félagið, þ.e. Runtal-Ofnar hf., væri aðili að honum. Síðari breytingarsamningurinn, þ.e. frá 1971, lá frammi í dómsmáli því, sem áður var greint frá. Segir í fyrirsögn þess samnings, að um sé að ræða „breytingu á leyfissamningi frá 1. ágúst 1965, milli Runtal Holding Company S.A. (Runtal Holding), Nauchatel, Sviss og Runtal-Ofnar hf. (Runtal Iceland), Síðumúla 17, Reykjavík, Íslandi, undirritaða af hr. E. Runte fyrir hönd Runtal Holding og af hr. Birgi Þorvaldssyni fyrir hönd Runtal-Ofna". Eru undirskriftir á samningnum í samræmi við þetta, þ.e. milli félaganna, en ekki persónulega.

Fyrri breytingarsamninginn lagði Birgir Þorvaldsson ekki fram í áðurgreindu dómsmáli, en Guðrún Einarsdóttir hafði undirritað hann með honum af hálfu Runtal-Ofna.

Að sögn lögmannsins er Guðrúnu að sjálfsögðu kunnugt um bréf það frá Runtal Holding, sem vitnað var til í frétt Dagblaðsins í gær. Hins vegar lítur hún svo á, að þar sé um að ræða misskilning eða mistúlkun á leyfissamningnum, þar sem hvorki Birgir né Runtal Holding geti breytt því eftir á, sem gert var á löglegan hátt með ofangreindum breytingarsamningum.

BS.

Tröllabingó

Tröllabingó KR-inga verður í kvöld 25. nóvember, í Sigtúni.
Húsið opnað kl. 20.00.
Forsala á aðgöngumiðum verður í KR-húsinu við Frostaskjól.
Heildarverðmæti vinninga kr. 700.000, þar á meðal 5 utanlandsferðir.

KR-Tröllin